



**Skýrsla starfshóps vegna undirbúnings fyrir stefnumótun um þróun félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara**

**Júlí 2019**



**Reykjavíkurborg**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur .....	3
Samantekt.....	4
1. Hugmyndasmiðja um félagsstarf framtíðarinnar.....	4
1.1 Hugmyndir um félagsstarf .....	4
1.2. Helstu hugmyndir um tilboð í félagsstarfi.....	5
2. Tillögur að breytingum og nýjum þjónustuleiðum til að bæta og nútímavæða félagsstarfið...6	
2.1 Breytingar á innra starfi og umhverfi.....	6
2.2 Tillögur að nýjum þjónustuleiðum í félagsstarfi.....	6
3. Mat á niðurstöðum hugmyndasmiðju.....	8
4. Umræða starfshóps.....	8
Niðurlag.....	9
Viðauki I.....	10

## Inngangur

Þann 27. maí 2019 skipaði sviðsstjóri starfshóp vegna undirbúnings fyrir stefnumótun um þróun félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara. Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi að skoða hvernig hægt er að breyta, bæta og nútímafæra félagstarf velferðarsviðs og koma með hugmyndir um nýjar þjónustuleiðir og afþreyingu fyrir eldri borgara

### Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Með aðferðum nýsköpunar verði náð til framtíðarnotenda félagsstarfs og þeim gefinn kostur á að koma með hugmyndir um innihald félagsstarfs velferðarsviðs.
- Náð verði í hugmyndir þeirra sem eru 60 og 70 ára sem munu nýta sér félagsstarfið eftir ca. 10 ár.
- Gerð verði skýrsla og niðurstöður hennar nýttar í fyrirhugaða heildarstefnumótun um félagstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs í samræmi við meirihlutasáttmála fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022.

### Starfshópin skipuðu:

Sigbrúður Guðnadóttir hópstjóri

Þórhildur Egilsdóttir starfsmaður hóps

Óskar Dýrmundur Ólafsson

Birna Róbertsdóttir

Helga Margrét Guðmundsdóttir

Sigríður Guðný Gísladóttir

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. maí 2019 til 31. ágúst 2019. Hópurinn hélt alls 7 fundi, auk hugmyndarsmiðju þann 10. júlí 2019.

Verkefni starfshópsins var að ná til framtíðarnotenda félagsstarfs og gefa þeim kost á að koma með hugmyndir um innihald félagsstarfs velferðarsviðs og fóru fyrstu fundir starfshópsins í að ræða hvaða leið væri best að fara til þess. Ákveðið var að halda viðburð, hugmyndasmiðju þar sem fólki yrði boðið að taka þátt og koma með hugmyndir um félagstarf framtíðarinnar og nýjar þjónustuleiðir. Starfshópurinn undirbjó hugmyndasmiðjuna, auglýsti eftir þátttakendum, m.a. með myndbandi í gegnum samfélagsmiðla velferðarsviðs, heimasíðu Reykjavíkurborgar. Í samvinnu við Félag eldri borgara í Reykjavík var öllum meðlimum félagsins sendur tölvupóstur og boðin þátttaka. Einnig var fjallað um hugmyndasmiðjuna í Fréttablaðinu þann 9. júlí. Að lokinni hugmyndasmiðju var verkefninu einnig gert skil á heimasíðu Reykjavíkurborgar og á samfélagsmiðlum velferðarsviðs.

## Samantekt

Til þess að bjóða upp á þjónustu í samræmi við nútíma- og framtíðarþarfir þarf velferðarsvið að auka sveigjanleika í þjónustu, efla innviði, auka samvinnu og samræmingu í starfinu. Þannig má bæta ímynd þess starfs sem nú þegar er boðið upp á. Margar af þeim tillögum sem komu fram í hugmyndasmiðjunni eru þegar í boði án þess að fólk viti af þeim eða þær þykja ekki ákjósanlegur kostur til að taka þátt í. Félagsstarf þarf ekki að vera hugsað út frá einstaka félagsmiðstöð heldur er með aðstoð tækninnar og öruggum samgöngum hægt að auka sérhæfingu á hverjum stað. Þær hugmyndir sem fram komu í hugmyndasmiðjunni eru að efla virkni líkama og sálar með hjólræiðum, göngu- og hlaupahópum, dans, jóga og hugleiðslu, mat, næringu, frístundastyrk til eldri borgara og heilsuefingu s.s. Janusarverkefninu. Hugmyndir um að nýta áhugamál sem forvarnir þ.e. með sönghópum, spilahópum, leshringjum, umræðuhópum um stjórnsmál, tónlist, hannyrðum, matreiðslu, smíðum, viðgerðum, karlaskúrum, listasmiðjum, golfi, ferðalögum, leikhúsi, og garðyrkju. Þekking og námskeið verði sett í brennidepil þ.e. tungumálakennsla, kennsla á notkun tækni og ættfræði. Varðandi samfélagsmál komu upp hugmyndir er varða umræðu um stjórnsmál, endurvinnslu, náttúrvernd, umhverfismál og Grængráan her. Mikilvægt var talið að koma upp sérhæfðri aðstöðu t.d. listasmiðjum, þúttvöllum, gróðurhúsum, smíða- og viðgerðarverkstæðum, saumasmiðju og endurvinnslu.

### 1. Hugmyndasmiðja um félagsstarf framtíðarinnar

Hugmyndasmiðjan var haldin þann 10. júlí kl. 16:30-18:30 í Kerhólum, 7.hæð, Borgartúni 12. Alls voru 33 þátttakendur skráðir í hugmyndasmiðjuna, en rúmlega 20 manns mættu til leiks. Óskað hafði verið eftir fólki á aldrinu aldrinum 60 til 70 ára sem vildu koma með hugmyndir um hvað það vill geta gert í borginni þegar það hættir að vinna og hefur meiri tíma til að njóta. Þátttakendur höfðu bæði reynslu af því að sækja núverandi félagsstarf, en einnig var fólk sem hafi enga reynslu af því. Hópurinn var mjög kröftugur og líflegar umræður sköpuðust um hlutverk félagsstarfsins fyrir eldri borgara og þær áherslur sem fólki fannst mikilvægastar til framtíðar.

Eftirfarandi er úrdráttur af hugmyndum og umræðu í hugmyndasmiðjunni. Tillögur að breytingum grundvallast einnig að hluta til á þekkingu starfsfólk félagsmiðstöðva sem sátu í starfshópnum.

#### 1.1 Hugmyndir um félagsstarf

Samvera, virkni og sjálfstæði eru helstu ástæður þess að fólk stundar félagsstarf. Fólk vill geta hitt aðra, viðhaldið eða aukið eigin virkni og stundað félagsstarfið á eigin forsendum. Eðli málsins samkvæmt eru áhugamál fólks síðan mjög mismunandi og fjölbreytni hugmynda um félagsstarfs sýnir mikilvægi þess að starfið sé sveigjanlegt. Ekki ætti að flokka tómstundastarf fólks eftir aldri og flestir virðast þeirrar skoðunar að samvera á jafningjagrundvelli er það sem sameinar fólk í félagsstarfi, óháð aldri. Áhugamál einskorðast heldur ekki aðeins við afþreyingu eða skipulagt starf því einnig var bent á mikilvægi þess að hafa vettvang til þess að fólk geti hist og geti tekið þátt í samræðum um daginn og veginn. Dæmi um slíka samveru er í heitu pottunum í sundlaugunum og á bókasöfnum borgarinnar. Þá komu fram óskir um áframhaldandi þekkingaröflun og möguleika til að læra nýja hluti eins lengi og mögulegt er. Þegar við horfum til framtíðar er ljóst að þessi vettvangur og þá sérstaklega skipulag í kringum slíka viðburði hefur nú þegar og mun í auknu mæli færast yfir á netið.

Umræður hugmyndasmiðjunnar gáfu til kynna að ímynd félagsstarfs fyrir eldri borgara sé gamaldags og jafnvel talið að ákveðin menning hafi myndast innan starfsins sem hamlar breytingum og þróun. Starfið sé fyrir eldra og hrumara fólk og sé ekki nægilega sveigjanlegt til að yngri, frískir eldri borgarar geti stundað það á eigin forsendum. Umræður voru að mörgu leyti á þann veg að félagsstarf þurfi ekki að einskorðast við ákveðin hverfi, þ.e.a.s. félagsmiðstöðvar borgarinnar, en þó var áberandi krafa um að ákveðin grunnþjónusta væri til staðar innan allra hverfa eða samgöngur væru öruggar á milli staða þar sem aðstæður kerfðust þess. Í því samhengi var talað um þörf á að hafa leiðbeinendur á staðnum til að stjórna og kenna sérhæfðara tómskundastarfs t.d. bútasaum.

Nútímaparfir í félagsstarfi kalla á að starfið sé sveigjanlegt, fjölbreytilegt og gefi fólki möguleika á þátttöku eftir hentugleikum. Sumir vilja geta tekið virkari þátt í skipulagningu félagsstarfsins, bera ábyrgð og hafa ákveðið hlutverk á meðan aðrir vilja geta mætt þegar þeim hentar án frekari skuldbindinga. Samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur unnið eftir er ein af forsendum farsæls félagsstarfs að það sé sjálfsprottið. Það þykir hins vegar nokkuð flókið fyrir áhugafólk að skipuleggja slíkt starf, fjármagn virðist ekki vera nægilega aðgengilegt og fólk vissi almennt ekki af möguleikum sem velferðarsvið hefur verið að bjóða upp á eins og styrki til sjálfsprottins félagsstarfs fullorðinna, úr „heitum potti“. Áhersla var lögð á mikilvægi sjálfbóðastarfs í félagsstarfi til þess að halda og viðhalda virkni á efri árum. Hefð er fyrir sjálfbóðastarfi á Íslandi t.d. innan íþróttastarfs, björgunarsveita og innan félagsstarfsins hafa Korpúlvar verið í fararbroddi með sjálfbóðaliðastarf í Grafarvogi. Mikilvægt er að gera skýrt verklag til í kringum slíka starfsemi þannig að fleiri hverfi geti komið á fót þróttmiklu sjálfbóðaliðastarfi í tengslum við félagsstarfið. Reykjavíkurborg gæti lagt til húsnæði og starfsmann sem heldur utan um sjálfbóðaliðastarfið en það skiptir verulega miklu máli til þess að starfið geti blómstrað.

## 1.2. Helstu hugmyndir um tilboð í félagsstarfi

- **Heilsuvirkni líkama og sálar:** Hjólreiðar, göngu- og hlaupahópar, dans, jóga og hugleiðsla, matur, næring. Frístundastyrkur til eldri borgara, Janusarverkefnið. Áhugamál sem forvarnir.
- **Áhugahópar:** Sönghópar, spilahópar, leshringir, umræðuhópar um stjórnsmál, tónlist, hannyrðir, matreiðsla, smíðar, viðgerðir, karlaskúrar, listasmiðjur, golf, ferðalög, leikhús, og garðyrkja.
- **Þekking og námskeið:** Þekkingaröflun alla ævi, tungumálakennsla, kensla á notkun tækni, ættfræði.
- **Samfélagsmál:** Stjórnsmál, endurvinnsla, náttúrvernd og umhverfismál – Grængrái herinn.
- **Sérhæfð aðstaða:** Listasmiðjur, púttvöllur, gróðurhús, smíða- og viðgerðarverkstæði, saumasmiðja, endurvinnsla.



## 2. Tillögur að breytingum og nýjum þjónustuleiðum til að bæta og nútímavæða félagsstarfið

Eftirfarandi tillögur byggja á þekkingu innan starfsóps og athugasemdum og hugmyndum þátttakenda hugmyndasmiðju. Tillögur starfshópsins eru lagðar fram með það í huga að unnið sé áfram með þær með ýtarlegri skilgreiningum, markmiðum og mælikvörðum í heildarstefnumótun félagsstarfsins.

### 2.1 Breytingar á innra starfi og umhverfi

**2.1.2. Efla innra starf með fræðslu og stuðningi fyrir starfsfólk og stjórnendur, m.a.** til að samræma starfið og gera það sveigjanlegra. Kynna markvisst hugmyndafræði og markmið félagsstarfsins. Vinna eftir sameiginlegum gildum í félagsstarfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og skoða hvort setja þurfi sérstök gildi fyrir félagsstarfið.

**2.1.2 Nútímavæða umhverfi og aðstöðu í félagsmiðstöðvum, m.a.** með því að bæta aðbúnað, tækjabúnað og tryggja góða nettengingu sem getur stutt við fjölbreytilegt og nútímalegt starf, svo sem stóra skjái til námskeiða, fjarfunda og miðlunar upplýsinga.

**2.1.3 Bæta aðgengi að upplýsingum með notendavænni upplýsingasíðum / upplýsingakerfi,** þar sem með einföldum hætti má sjá hvað er í boði og hvenær „viðburðardagatal“. Fyrsti snertiflötur þjónustu er yfirleitt á netinu og því mikilvægt að þar séu uppfærðar, gagnlegar og aðlaðandi upplýsingar. Aðstoða mætti starfsfólk við að koma upplýsingum betur á framfæri, t.d. með námskeiðum um samfélagsmiðla, almennt um miðlun upplýsinga og gerð samskiptaáætlanna.

**2.1.4 Auka gagnvirkt samtal við notendur,** t.d. með skráningu í fréttabréf og skráningu á einstaka viðburði til að hægt sé að senda áminningar um mætingu t.d. SMS og/eða í tölvupósti. Markvisst auka virkni á samfélagsmiðlum, t.d. með því að setja upp viðburði á Facebook.

**2.1.5 Vinna markvisst að ímyndarvinnu félagsstarfs,** m.a. með kynningar myndböndum. Skoða samstarf við markaðsstofur / auglýsingastofur.

**2.1.6 Auka samvinnu við önnur svið / verkefni borgarinnar** í þágu félagsstarfsins t.d. í samvinnu við Hverfið mitt og Betri Reykjavík til að virkja sjálfsprottið starf og íbúalýðræði.

### 2.2 Tillögur að nýjum þjónustuleiðum í félagsstarfi

**2.2.1 Félagsmiðstöðvar verði með sveigjanlegri opnunartíma til að hægt sé að skipuleggja og stunda félagsstarf á kvöldin og um helgar.**

- Íbúar sem skipuleggja félagsstarf geta gert samning við félagsmiðstöðvar um ábyrgð á lykklum og aðgengi að húsnæði utan auglýst opnunartíma.
- Ráða í stöður umsjónamanna húsnæðis sem sjá um daglegt viðhald, tryggja gott aðgengi og hafa umsjón með samningum við íbúa.
- Breytingar á vinnuskipulagi starfsfólks sé samræmi við sveigjanlegan opnunartíma.

- Skipuleggja menningarviðburði á kvöldin og um helgar á mismunandi félagsmiðstöðvum á ákveðnum kvöldum, þannig að fólk geti sótt afþreyingu á einhverjum stað í borginni.

### **2.2.2. Aukin stuðningur við skipulagningu sjálfsprottsins félagsstarfs**

- Endurskoða styrkveitingar til félagsstarfs fullorðinna, „heita pottinn“, með það að markmiði að auðvelda íbúum aðgengi og umsýslu styrksins.
- Íbúar geta fengið aðstoð frá sérfræðingum við að halda utan um, skipuleggja, fjármagna og auglýsa námskeið o.þ.h. innan félagsmiðstöðva. Starfsmaður borgarinnar getur haldið utan um hluta starfsins og verið með heildarsýn á starfseminna.
- Nýta tæknina til að virkja sjálfsprottið starf að fyrirmynd hóp fjármögnunar. Nýta vettvang / hugmyndafræði „Betri Reykjavík“ til þess að íbúar geti kannað áhuga annarra á einstakri hugmynd, safnað þannig þátttakendum, fjármagni og jafnvel fengið mótframlag / húsnæði frá borginni að vissum skilyrðum uppfylltum.

### **2.2.3. Aukin tækifæri og stuðningur við sjálfböðastarf**

- Skýrari reglur varðandi sjálfböðastarf í starfsemi borgarinnar.
- Greina hvar helst er þörf á sjálfböðaliðum og hvernig fólk nálgast starfið.
- Formlegt samstarf við sjálfböðaliðasamtök.
- Umbunarkerfi fyrir sjálfböðaliða t.d. afsláttur gefinn og / eða ókeypis þjónusta á vegum borgarinnar.

### **2.2.4. Fjölbreyttari og sérhæfðari aðstaða fyrir eldri borgara til að stunda áhugamál og skapandi vinnu, svo sem smíðar, viðgerðir, hannyrðir, endurvinnslu og garðyrkju**

- Auka framboð á útivistarsvæðum borgarinnar, t.d. með þúttvöllum og aðstöðu til garðræktunar. Hanna aðstöðu þannig að aðgengi henti þörfum eldri borgara, t.d. að beð í garðyrkju séu í mjaðmarhæð.
- Auka aðgengi að smíðjum og verkstæðum. Ath. með samstarf og / eða breyta viðeigandi húsnæði á vegum borgarinnar.
- Skoða það að félagsmiðstöðvar sérhæfi sig eða að eitt samfélags-smíðjuhús verði staðsett miðsvæðis í borginni.

### **2.2.5. Fjölbreytni í samgöngum til þess að hægt sé að sækja félagsstarf sem ekki er í boði innan hverfis**

- Litlar rútur keyri á milli félagsmiðstöðva í hverfum og / eða ókeypis verði í strætó fyrir eldri borgara.
- Nýta netið, setja upp stóra skjái og aðra tækni til þess að miðla starfi milli félagsmiðstöðva í rauntíma. T.d. fyrirlestra, leikfimi og hugleiðslu.

### **2.2.6. Auka þátttöku yngri eldri borgara í virku félagsstarfi með forvarnir að leiðarljósi**

- Hefja forvarnastarf áður en fólk hættir að vinna með því að hvetja fólk markvisst til að finna sér áhugamál og gefa sér tíma til að stunda þau.

- Kynna félagsstarf á starfslokanámskeiðum, hvetja fólk til þátttöku og kalla marvisst eftir nýjum hugmyndum til áframhaldandi þróunar á félagsstarfinu.
- Aukið samstarf við félagasamtök sem aldurshópurinn 50+ stundar. Veita aðstöðu til fræðslufunda inni á félagsmiðstöðvum borgarinnar, t.d. Grái herinn og U3A.
- Veita fólki á aldrinum 60 – 68 ára „prufutíma“ í allskonar áhugamál sem eru í boði hjá öðrum aðilum en Reykjavíkurborg, t.d. á líkasmræktarstöðvum, í jóga o.þ.h.

### 3. Mat á niðurstöðum hugmyndasmiðju

Til þess að til þess að velferðarsvið geti boðið upp á þjónustu í samræmi við nútíma- og framtíðarþarfir þarf að auka sveigjanleika í þjónustu, efla innviði, auka samvinnu og samræmingu í starfinu. Þannig má bæta ímynd þess starfs sem nú þegar er boðið upp á. Margar af þeim tillögum sem komu fram í hugmyndasmiðjunni eru þegar í boði án þess að fólk viti af þeim eða þær þykja ekki ákjósanlegur kostur til þátttöku. Félagsstarf þarf ekki að vera hugsað út frá einstaka félagsmiðstöð heldur er með aðstoð tækninnar og öruggum samgöngum hægt að auka sérhæfingu á hverjum stað og þannig auka fjölbreytni þannig að hægt sé að sameinast um mismunandi áhugamál óháð hvar í borginni fólk býr.

### 4. Umræða starfshóps

Síðan árið 2011 hefur framtíðarsýn félagsstarfs velferðarsviðs verið að þátttakendur taki þátt í mótun og framþróun starfsins og er hugmyndasmiðjan dæmi um þá nálgun. Félagsstarfið á að vera sjálfstýrt og sjálfbært, líkamspjálfun stór þáttur starfsins, fræðsla eflað í samstarfi við menntastofnanir, áhersla lögð á samveru fólks á öllum aldri og fjölbreytt, opið, aðgengilegt félagsstarf sé haldið úti í samstarfi ólíkra aðila og stofnana. Félagsstarf velferðarsviðs er í dag rekið í þessum anda og eru það fyrst og fremst eldri borgarar sem sækja það. Á nokkrum stöðum hefur markvisst verið unnið að því að brúa kynslóðabilið og leggja með afgerandi hætti áherslu á fjölbreytni. Þetta hefur t.d. verið gert í Gerðubergi og Aflagranda þar sem fólk í öllum aldurshópum þ.m.t. innflytjendur, fatlað fólk og aðrir sem eru jaðarsettir, eru boðnir sérstaklega velkomnir. Þar hafa orðið til samfélagshús fyrir alla. Þegar hugað er að nýrri framtíðarsýn félagsstarfs fyrir eldri borgara er mikilvægt að hafa í huga að samfélagshús í hverfum borgarinnar sem felur í sér félagsstarf fyrir alla aldurshópa er vel til þess fallið að draga úr þeirri félagslegu einangrun sem félagsstarfinu er ætlað að gera, auk þess sem það dregur úr aðgreiningu sökum aldurs. Fjölbreytni getur stuðlað að því að lífga upp á starfsemina og hreyfa við stöðnun. Starfshópurinn leggur til að einnig verði hugað verði að hugmyndafræði samfélagshúsa þegar vinna við heildarstefnumótun fer af stað.



## Niðurlag

Starfhópnum var ætlað að skoða hvernig hægt er að breyta, bæta og nútímafæra félagstarfið og koma með hugmyndir um nýjar þjónustuleiðir og afþreyingu fyrir eldri borgara. Með því að ná í hugmyndir þeirra sem eru 60 og 70 ára og sem munu nýta sér félagsstarfið eftir ca. 10 ár fékkst nokkuð greinagóð mynd af því hvaða væntingar framtíðarnotendur þjónustunnar hafa.

Nútímaþarfir í félagsstarfi kalla á að starfið sé sveigjanlegt, fjölbreytilegt og gefi fólki möguleika á þátttöku eftir hentugleikum. Sumir vilja geta tekið virkari þátt í skipulagningu félagsstarfsins, bera ábyrgð og hafa ákveðið hlutverk á meðan aðrir vilja geta mætt þegar þeim hentar án frekari skuldbindinga. Félagsmiðstöðvar ættu að vera með sveigjanlegri opnunartíma til að hægt sé að skipuleggja og stunda félagsstarf á kvöldin og um helgar. Aukinn stuðningur verði við skipulagningu sjálfsrottins félagsstarfs og stuðningur við sjálfboðastarf aukinn. Fjölbreyttari og sérhæfðari aðstaða fyrir eldri borgara þarf til að þeir geti stundað áhugamál og skapandi vinnu, svo sem smíðar, viðgerðir, hannyrðir, endurvinnslu og garðyrkju. Fjölbreytni í samgöngum þarf að vera til þess að hægt sé að sækja félagsstarf sem ekki er í boði innan hverfis. Auka ætti þátttöku yngri eldri borgara í virku félagsstarfi með forvarnir að leiðarljósi. Niðurstöður hugmyndasmiðjunnar eru vel til þess fallnar að nýta í fyrirhugaða heildarstefnumótun um félagsstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs sem fyrirhuguð er haustið 2019.

## Viðauki I.

### Erindsbréf starfshóps



VEL2019050052

#### **Erindisbréf starfshóps vegna undirbúnings fyrir stefnumótun um þróun félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara.**

Á fundi velferðarráðs þann 24. apríl 2019 var samþykkt tillaga fulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram á fundi þann 3. apríl 2019 um að setja á laggirnar vinnuhóp um þróun félagsmiðstöðva eldri borgara. Lagt var til að hópurinn beiti aðferðum nýsköpunar til að þróa nýjar þjónustuleiðir og afþreyingu fyrir eldri borgara Reykjavíkur og leitað verði leiða til að veita notendum meiri lífsfyllingu og ánægju á efri árum.

Í meirihlutasáttmála fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022 kemur fram að móta eigi heildstæða stefnu um félagsstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs.

Í stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík 2017- 2025 sem samþykkt var í borgarstjórn þann 3. október 2017 kemur fram að eldra fólk eigi að hafi aðstöðu til að hittast, þjónustan nái til óvirkra og þeirra sem eru félagslega einangraðir, félagsmiðstöðvar verði samnýttar, stutt verði við sjálfssprottið frístundastarf og aðgangur sé að íþróttamannvirkjum fyrir íþróttaiðkun og heilsueflingu, auk þess sem staðsetning félagsstarfs taki mið af aðstæðum og samgönguháttum eldra fólks.

Í aðgerðaáætlun vegna stefnu í málefnum eldri borgara í Reykjavík 2018-2022 eru aðgerðir sem tengjast félagsauð og félagsstarfi. Markmiðið er auðvelda aðgengi að upplýsingum um félagsstarf og aðra þjónustu, vera með snemmtæka íhlutun gegn félagslegri einangrun og að félagsstarfið stuðli að tengingu milli kynslóða. Þrjár aðgerðir eru samhljóma aðgerðum í frístundastefnu.

Í umbótaáætlun sem gerð var í tengslum við þjónustustefnu Reykjavíkur eru einnig aðgerðir um félagsstarf. Flestar þeirra eru jafnframt í fyrrgreindri aðgerðaráætlun um eldri borgara að undanskildum aðgerðum um að bjóða upp á aðgengilega og fjölbreyttari dagskrá þvert á borgina og vinna að meiri þekkingarmiðlun og samræmingu á milli félagsmiðstöðva.

Sérstakur starfshópur hefur verið skipaður með erindisbréfi til þess að fylgja eftir ofangreindum aðgerðum.

**Hlutverk hópsins:**

Skoða hvernig hægt er að breyta, bæta og nútímafæra félagstarfið.  
Koma með hugmyndir um nýjar þjónustuleiðir og afþreyingu fyrir eldri borgara

**Ábyrgðaraðili:** Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri

**Verkefni:**

Með aðferðum nýsköpunar verði náð til framtíðarnotenda félagsstarfs og þeim gefinn kostur á að koma með hugmyndir um innihald félagsstarfs velferðarsviðs.

Náð verði í hugmyndir þeirra sem eru 60 og 70 ára sem munu nýta sér félagstarfið eftir ca. 10 ár.

Gerð verði skýrsla og niðurstöður hennar nýttar í fyrirhugaða heildarstefnumótun um félagsstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs í samræmi við meirihlutasáttmála fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022.

**Hópurinn skipa:**

Sigþrúður Guðnadóttir hópstjóri  
Þórhildur Egilsdóttir starfsmaður hóps  
Óskar Dýrmundur Ólafsson  
Birna Róbertsdóttir  
Sigríður Guðný Gísladóttir  
Helga Margrét Guðmundsdóttir

**Starfsfyrirkomulag:**

Hópurinn hittist einu sinni í viku frá 1. maí 2019 til 31. ágúst 2019. Hópstjóri ber ábyrgð á að kalla hópinn saman og að ritaðar séu fundargerðir.

Reykjavík 27. maí 2019

Regína Ásvaldsdóttir  
Sviðsstjóri

**Fylgiskjöl:**

Aðgerðaáætlun vegna stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022